

Austurbrú ses

Ársreikningur 2019

Austurbrú ses  
Tjarnarbraut 39e  
700 Egilsstaðir

Kt. 640512-0160

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun stjórnar .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9

---

## Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Austurbrú sjálfseignarstofnun (ses) er stofnuð á grunni þekkingarnets Austurlands, Þróunarfélags Austurlands, Markaðsstofu Austurlands og Menningarráðs Austurlands. Stofnfundur stofnunarinnar var þann 8. maí 2012 og tók Austurbrú ses., þann 1. júní 2012 yfir starfsemi, eignir og skuldbindingar þessara stofnana og félaga og daglegan rekstur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA).

Tilgangur Austurbrúar ses. er að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Austurlandi og veita samrænda og þverfaglega þjónustu tengda atvinnulífi, menntun og menningu. Austurbrú ses. er í forsvari fyrir þróun atvinnulífs, samfélags, stjórnsýslu háskólanáms, símenntunar, rannsóknar, þekkingar- og menningarstarfs á Austurlandi.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur stofnunarinnar 428,0 millj. kr. á árinu. Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 24,4 millj. kr á árinu. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir stofnunarinnar 200,8 millj. kr. og eigið fé í árslok var jákvætt sem nam 43,3 millj. kr. Skuldir og skuldbindingar nema 157,4 millj. kr. og þar af nema skammtímaskuldir 153,5 millj. kr.

Í ársreikningnum eru upplýsingar um mat á helstu eignum stofnunarinnar og er vísað til ársreikningsins um ráðstöfun rekstrarniðurstöðu og aðrar breytingar á eiginfárreikningum.

Stofnfé Austurbrúar ses. er 1,6 millj. kr. og skiptist upphaflega á þrjátíu og two stofnendur sem hver um sig lagði fram 50 þús. kr. stofnframlag. Frá stofnun hefur stofnaðilum fækkað með sameiningum þeirra og erum í árslok þrjátíu talsins.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

Stjórn Austurbrúar ses. staðfesta hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2019 með undirritun sinni og leggja til við ársfund að hann verði samþykktur.

Austurlandi, 9. júní 2020.

Stjórn:

Bruna Margersdóttir  
Sigríður Bragadóttir  
Hildur Þórssdóttir  
Óðin Þorsteínsson

Framkvæmdastjóri:

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og eigenda Austurbrúar ses.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Austurbrúar ses. fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymsyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu stofnunarinnar 31. desember 2019 og afkomu bess og breytingu á handbæru fē á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félagini í samræmi við alþjóðlegar síðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og síðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar síðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggi framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hækta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákváðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötvu ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötvu ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.: ---

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glöggja mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### **Staðfesting vegna annarra ákvæða laga**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þær ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Egilss töðum, 9. júní 2020

*KPMG ehf.*

*Magnús Þomasson*

## Rekstrarreikningur ársins 2019

---

	Skýr.	2019	2018
<b>Rekstrartekjur:</b>			
Framlög .....	4	181.229.688	174.853.020
Aðrar tekjur .....	4	246.728.563	203.647.947
		<u>427.958.251</u>	<u>378.500.967</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	5	244.953.321	214.240.978
Annar rekstrarkostnaður .....		156.510.740	144.292.141
		<u>401.464.061</u>	<u>358.533.119</u>
Rekstrarniðurstaða án afskrifta og hreinna fjármagnsgjalda .....		26.494.190	19.967.848
Afskriftir .....	3,7	( 4.850.301)	( 5.250.411)
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda .....		21.643.889	14.717.437
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) .....	6	2.772.768	1.757.431
Rekstrarniðurstaða ársins .....	10	<u>24.416.657</u>	<u>16.474.868</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2019

---

	Skýr.	2019	2018
<b>Fastafjármunir:</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Skrifstofubúnaður .....	5.184.849	5.290.067	
Bifreiðar .....	3.051.100	3.451.600	
	<u>3,7</u>	<u>8.235.949</u>	<u>8.741.667</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í öðrum félögum og stofnframlög .....	8	340.000	340.000
		<u>340.000</u>	<u>340.000</u>
	<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>8.575.949</b>	<b>9.081.667</b>
<b>Veltufjármunir:</b>			
Skammtímakröfur:			
Viðskiptakröfur .....	3f	37.707.483	27.039.339
Aðrar skammtímakröfur .....		4.922.500	822.854
Handbært fé .....	3h	155.370.590	131.199.180
		<u>198.000.573</u>	<u>159.061.373</u>
	<b>Eignir samtals</b>	<b>206.576.522</b>	<b>168.143.040</b>
<b>Eigið fé:</b>			
Stofnfé .....		1.600.000	1.600.000
Óráðstafað eigið fé .....		41.726.793	17.310.137
	<b>Eigið fé samtals</b>	<b>10</b>	<b>43.326.793</b>
		<b>18.910.137</b>	
<b>Skuldbindingar:</b>			
Skuldbinding vegna Vaxtasamnings Austurlands .....		3.903.095	3.903.095
<b>Skammtímaskuldir:</b>			
Viðskiptaskuldir .....		39.021.505	28.810.011
Fyrirframinnhæimtar tekjur vegna verkefna .....		78.283.568	67.723.854
Aðrar skammtímaskuldir .....		42.041.561	48.795.943
		<u>159.346.634</u>	<u>145.329.808</u>
	<b>Skuldir og skuldbindingar samtals</b>	<b>163.249.729</b>	<b>149.232.903</b>
	<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>206.576.522</b>	<b>168.143.040</b>

## Sjóðstreymsyfirlit árið 2019

---

	Skýr.	2019	2018
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
Rekstrarniðurstaða ársins .....	10	24.416.657	16.474.868
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárvældi:			
Afskriftir .....	7	4.850.301	5.250.411
Verðbætur lána .....		0	43.071
	Veltufé frá rekstri	<u>29.266.958</u>	<u>21.768.350</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, (hækkan) lækkun .....		( 14.767.790)	8.276.436
Skammtímaskuldir, hækkan .....		14.016.826	33.872.323
	Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	<u>( 750.964)</u>	<u>42.148.759</u>
	Handbært fé frá rekstri	<u>28.515.994</u>	<u>63.917.109</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir .....	7	( 4.344.583)	( 5.829.084)
	Fjárfestingarhreyfingar	<u>( 4.344.583)</u>	<u>( 5.829.084)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>			
Afborganir langtímalána .....		0	( 17.525.375)
	Fjármögnunarhreyfingar	<u>0</u>	<u>( 17.525.375)</u>
Hækkan á handbæru fé .....		24.171.410	40.562.650
Handbært fé í upphafi árs .....		131.199.180	90.636.530
Handbært fé í árslok .....		<u>155.370.590</u>	<u>131.199.180</u>

# Skýringar

---

## Reikningsskilaaðferðir

### 1. Upplýsingar um stofnunina

Austurbrú er sjálfseignarstofnun (ses) sem stofnuð á grunni Þekkingarnets Austurlands, Þróunarfélags Austurlands, Markaðsstofu Austurlands og Menningarráðs Austurlands.

Stofnunin starfar á grundvelli skipulagsskrár sem samþykkt var á stofnundi þann 8. maí 2012 og ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

### 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðir sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningum.

#### a. Innlausn tekna

Tekjur af framlögum eru færðar í rekstrarreikning í samræmi við samninga stofnunarinnar við ríki, sveitarfélög og aðra aðila. Tekjur af veitri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu á uppgjörsdegi.

#### b. Færslu gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljenda hefur myndast.

#### c. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Bifreiðar.....	5 ár
Skrifstofubúnaður.....	4 ár

#### d. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði.

#### e. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður um 3,2 millj. kr. í ársreikningunum. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum, sem kunna að tapast og er hann dreginn frá óinnheimtum kröfum í árslok í efnahagsreikningi.

#### f. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í árslok.

#### g. Samningur um verkefni í vinnslu

Fyrirframinnheimtar tekjur vegna samningsbundinna verkefna námu 78,3 millj. kr. í árslok 2019 og er sú fjárhæð færðar meðal skammtímaskulda.

## Skýringar frh.

### 4. Rekstrartekjur

Tekjur greinast þannig:

	2019	2018
<b>Framlög</b>		
Framlög frá Ríkissjóði Íslands til menntamála .....	92.507.850	90.700.000
- Grunnframlag .....	58.200.000	56.000.000
- Viðbótarframlag .....	30.000.000	30.000.000
- Sérstök úthlutun úr símenntunarpotti .....	4.307.850	4.700.000
Framlög frá Byggðastofnun .....	27.813.996	26.887.000
Framlög frá Ferðamálastofu .....	33.980.000	18.930.000
Framlög frá sveitarfélögum .....	26.927.842	38.336.020
	<u>181.229.688</u>	<u>174.853.020</u>
<b>Aðrar tekjur</b>		
Tekjur vegna háskóla og rannsókna .....	23.229.521	20.101.259
Tekjur vegna símenntunar .....	83.147.226	79.653.003
Tekjur vegna atvinnuþróunar og markaðsmála .....	49.838.557	40.657.206
Tekjur vegna sóknaráætlunar og sjóða .....	47.498.276	32.695.621
Tekjur vegna umsýslu SSA og SV-Aust .....	33.265.166	22.124.759
Aðrar tekjur .....	9.749.817	8.416.099
	<u>246.728.563</u>	<u>203.647.947</u>

### 5. Starfsmannamál

Laun, launatengd gjöld og fjöldi starfsmanna er sem hér segir:

	2019	2018
Laun .....	196.653.889	168.646.201
Tryggingagjald .....	14.787.929	13.157.180
Lífeyrissjóðsframlag .....	25.973.580	21.558.153
Önnur launatengd gjöld .....	5.683.458	4.449.333
Áfallið orlof, breyting .....	1.854.465	6.430.111
Laun og launatengd gjöld samtals .....	<u>244.953.321</u>	<u>214.240.978</u>
 Fjöldi starfsmanna í árslok .....	 27,0	 25,0
Fjöldi stöðugilda í árslok .....	25,1	23,0
Ársverk .....	23,7	21,7
Laun og launatengd gjöld framkvæmdastjóra og stjórnar .....	24.033.906	23.261.120

### 6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	2019	2018
Vaxtatekjur .....	3.526.770	2.796.202
Vaxtagjöld og verðbætur .....	( 754.002)	( 1.038.771)
Hrein fjármagnsgjöld samtals .....	<u>2.772.768</u>	<u>1.757.431</u>

## Skýringar frh.

---

### 7. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Bifreiðar	Skrifstofu- búnaður	Samtals
Heildarverð 1.1.2019 .....	8.850.000	15.793.081	24.643.081
Keypt á árinu .....	1.600.000	2.744.583	4.344.583
Heildarverð 31.12.2019 .....	10.450.000	18.537.664	28.987.664
Afskriftir 1.1.2019 .....	5.398.400	10.503.014	15.901.414
Afskrifað og niðurlagt á árinu .....	2.000.500	2.849.801	4.850.301
Afskrifað samtals .....	7.398.900	13.352.815	20.751.715
Bókfært verð 1.1.2019 .....	3.451.600	5.290.067	8.741.667
Bókfært verð 31.12.2019 .....	3.051.100	5.184.849	8.235.949
Afskriftahlutföll .....	20%	25-33%	

### 8. Eignarhlutir í öðrum félögum og stofnframlög

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	Nafnverð	Bókfært verð
Þekkingarsetur, stofnframlag .....	200.000	200.000
Gunnarsstofnun, stofnframlag .....	140.000	140.000
Starfsendurhæfing Austurlands .....	0	100.000
Niðurfærsla eignahluta .....	0	( 100.000)
	340.000	340.000

### 9. Skammtímakröfur

Niðurfærsla krafna greinist þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun .....	1.648.094
Niðurfærsla, breyting á árinu .....	1.564.493
Niðurfærsla í árslok .....	3.212.587

### 10. Eigið fé

Yfirlit um eigið fé:

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Eigið fé 1.1.2019 .....	1.600.000	17.310.137	18.910.137
Rekstrarniðurstaða ársins .....		24.416.657	24.416.657
Eigið fé 31.12.2019 .....	1.600.000	41.726.793	43.326.793

### 11. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í stjórn stofnunarinnar auk æðstu stjórnenda eru skilgreindir sem tengdir aðilar stofnunarinnar. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

## Skýringar frh.

---

### 12. Atburður eftir reikningsskiladag

Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir mun hafa veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim þar með talið efnahagsleg. Veruleg óvissa ríkir um endanlega áhrif faraldursins s.s. vegna óvissu um hve lengi hann mun vara og hver áhrifin verða eftir að honum líkur.

Það er mat stjórnenda Austurbrúar að ekki sé unnt, í ljósi framangreindrar óvissu, að leggja endanlegt mat á áhrif Covid-19 á rekstur stofnunarinnar en meta greiðsluhæfi hennar þó ekki skert. Til að mæta skammtímasveiflum í sjóðsflæði mun stofnunin nýta handbært fé sitt. Það er þó ljóst að forsendur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020 eru að einhverju leyti brostnar.